

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands féllst hinn 19. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

Við 40. grein:

Fyrir neðan orðin „Kennsla í guðfræðideild“ komi: stór bókstafur A. Liðirnir 1—6 í 40. grein haldist óbreyttir. Framhald orðist svo:

7. Kennimannleg guðfræði.

- a. Prédikunarfræði.
- b. Sálgæzlufraði.
- c. Helgisiðafraði.
- d. Sálma- og messusöngfraði og tónflutningur.
- e. Framsögn.
- f. Trúkennslufraði.
- g. Bréfa- og skýrslugerð presta.

8. Kirkjuréttur.

9. Gríska.

10. Hebreska.

Stúdentar skulu semja sex ræður, flytja tvær messur að loknu námi í tónflutningi og framsögn, taka stöðugan þátt í barnaspurningum eitt kennslumissemi og starfa við sunnudagaskóla samkvæmt ákvæðum guðfræðideildar eitt missemi og við sjúkrahús eða sjúkrahæli um tveggja mánaða skeið.

B.

Enn fremur skulu stúdentar leysa af hendi skriflegar æfingar, svo sem hér segir: Sex í Nýja testamentisfræðum, þrjár í Gamla testamentisfræðum, þrjár í trúfræði, tvær í siðfræði, fjórar í kirkjusögu, tvær í almennum trúarbragðafræðum. Skulu æfingar þessar að jafnaði leystar af hendi í misserislök.

Stúdentar skulu velja grein til sérnáms í samráði við kennara og semja ritgerð úr því efni. Í stað sérefnisritgerðar má stunda nám í uppeldisfræðum, þjóðfélagsvísindum eða kirkjutónfræðum, sem guðfræðideild metur gilt hverju sinni.

2. gr.

Í 41. grein haldist óbreyttir liðir A og B. Framhald orðist á þessa leið:

C. Síðara hluta próf.

Síðara hluta próf er talið einn prófhliði í merkingu háskólareglugerðar, sbr. t. d. 61. og 68. gr. Prófið er í tveim þáttum. Í fyrra þætti er prófað í:

1. Gamla testamentisfræðum.
2. Nýja testamentisfræðum.
3. Barnaspurningum.

Í síðara hluta er prófað í:

4. Trúfræði.
5. Siðfræði.
6. Kirkjusögu.
7. Prédikun.

Heimilt er stúdent að þreyta próf í síðara áfanga einu til fjórum misserum eftir að lokið er prófum fyrri áfanga, samanber þó 59. grein reglugerðar.

Áður en stúdent segir sig til síðara hluta prófs skal hann hafa lokið undirbúningsprófum, fyrri hluta prófi og þeim æfingum, sem deildin krefst. Skal hann sýna vottorð um, að hann hafi fært sér í nyt kennslu þá, sem veitt er í þeim námsgreinum, sem nefndar eru í 40. grein 7. og 8. og ekki er prófað í sérstaklega. Enn fremur skal hann, a. m. k. þrem mánuðum áður en fyrri prófþáttur hefst, hafa skilað ritgerð úr sérnámi sínu, samanber þó 40. grein B.

Prófið í 1., 2., 4., 5. og 6. grein er bæði skriflegt og munnlegt, en verklegt í 3. og 7. grein.

Barnaspurningar fara fram með þeim hætti, að kandiðatar spyrja börn út úr efni, sem þeim hefur verið tilkynnt degi áður en spurningar fara fram.

Prófprédikun skal skilað skriflegri í síðasta lagi vikunna eftir að texti hennar hefur verið tilkynntur, og í próflok skal hún flutt opinberlega í kapelli Háskólans.

Gefa skal einkunn fyrir hverja grein í skriflegu og munnlegu prófi, svo og verklegu prófi. Einkunn fyrir ritgerð úr sérnámi og úrlausnir í munnlegum Nýja testamentisfræðum skal tvöfalda.

D. Undanþágur.

Guðfræðideild getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar um tímatakmörk við próf, ef stúdent hefur verið veikur eða öðrum sérstökum ástæðum er til að dreifa.

Nú er stúdent ekki söngvinn, og má þá undanþiggja hann skyldum um tónflutning.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 19. desember 1964.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.